



Hreyfing íslenskra grunnskólanema

Þórdís Gísladóttir, Rúnar Vilhjálmsson og Vaka Rögnvaldsdóttir

► Abstract ► Um höfunda ► About the authors ► Heimildir

Gildi hreyfingar fyrir líkamlega og andlega heilsu er vel þekkt. Þrátt fyrir þá vitneskju dregur úr hreyfingu frá barnsaldri til unglingsára og almennt er hreyfingu ábótavant. Því er mikilvægt að kanna hreyfingu barna og unglinga með það fyrir augum að efla hana og sporna við hreyfingarleysi.

Markmið þessarar rannsóknar var að kanna umfang líkamlegrar hreyfingar íslenskra grunnskólanema í 6., 8. og 10. bekk og tengsl hennar við kyn, aldur, uppruna, fjölskyldugerð, efnahag og búsetu. Sérstaklega var athugað hve hátt hlutfall nemendanna náði ráðlagðri 60 mínútna hreyfingu daglega.

Unnið var úr gögnum úr landskönnuninni Heilsa og lífskjör skólanema (Health Behavior in School-aged Children - HBSC) sem fór fram árið 2018. Alls tóku 6.102 nemendur í 6., 8. og 10. bekk úr 86 grunnskólum á landinu þátt í rannsókninni. Spurningalistar voru lagðir fyrir nemendur og meðal annars var spurt um fjölda daga á viku sem þátttakendur stunduðu „líkamlega hreyfingu samanlagt í 60 mínútur eða meira á dag“. Þá var einnig spurt um kyn og bekkjardeild, efnahagslega stöðu fjölskyldu, uppruna foreldra, fjölskyldugerð og búsetu.

Að meðaltali stundaði nemendahópurinn líkamlega hreyfingu í 4,5 daga í viku. Einungis 21% nemenda náði viðmiði um ráðlagða daglega hreyfingu. Fleiri piltar en stúlkur náðu viðmiðum um hreyfingu og fleiri nemendur í 6. bekk samborið við eldri nemendur. Nemendur sem tilheyrðu fjölskyldum með lakari efnahag, bjuggu ekki með báðum kynforeldrum, eða áttu foreldra af erlendum uppruna, náðu síður viðmiðum um ráðlagða hreyfingu. Ekki var munur á hreyfingu grunnskólanema eftir búsetu þeirra.

Vinna þarf að hreyfiefningu grunnskólanema með fræðslu um gildi hennar, daglegum hreyfistundum á skólatíma og markvissum íþróttatímum. Jafna þarf þátttöku barna í íþróttum utan skólans með aðkomu sveitarfélaganna. Fjölga þarf möguleikum til hreyfingar fyrir alla utan húss og innan í sveitarfélögum landsins.

Efnisorð: Hreyfing, íþróttaráttaka, unglingar, efnahagsleg staða, fjölskyldugerð, búseta

Inngangur

Ávinningur líkamlegrar hreyfingar fyrir andlega (Bell o.fl., 2019) og líkamlega (Myers o.fl., 2019) heilsu er vel þekktur. Í nútímasamfélagi er líkamleg hreyfing mikilvæg í forvarnar- og lýðheilsustarfi. Fjölmargar rannsóknir hafa sýnt fram á gildi líkamlegrar hreyfingar fyrir heilsu, líðan og þroska ungmenna (Aarnio o.fl., 2002; Bedard o.fl., 2020). Líkamleg hreyfing á unglingsaldri spár fyrir um líkamlega hreyfingu síðar á ævinni (Belanger o.fl., 2015; Telama o.fl., 2005) og minnkar líkur á áunnum lífsstílsjúkdómum (Hallal o.fl., 2006).

Ráðleggingar Alþjóða heilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) um hreyfingu miða við að börn og unglingar stundi hreyfingu af miðlungs eða mikilli ákefð í minnst 60 mínútur daglega (Lýðheilsustöð, 2008; World Health Organization, 2010) og þar af ætti að stunda krefjandi æfingar sem styrkja bein og vöðvavef minnst þrisvar í viku (Lipnowski o.fl., 2012; World Health Organization, 2020). Þrátt fyrir aukna vitund um ávinning af líkamlegri hreyfingu, uppfyllir mikil fjöldi barna og unglunga á skólaaldri ekki viðmið um ráðlagða lágmarks daglega hreyfingu (Clemens og Lincoln, 2018; Currie o.fl., 2012). Ráðleggingar og mat á reglulegri hreyfingu barna og unglunga hafa gjarnan verið áætluð út frá spurningalistum um hreyfingu eða kyrrsetu (Andersen o.fl., 1998) og hreyfing skoðuð í tengslum við heilsufarsþætti eins og líkamshreysti (Aaron o.fl., 1993). Ráðleggingar WHO um líkamlega hreyfingu hafa verið settar fram til þess að stuðla að líkamshreysti, afkastagetu lungna, hjarta- og æðakerfis, vöðva- og beinvefs, og til að draga úr efnaskiptasjúkdómum, kvíða og þunglyndi (World Health Organization, 2010). Til viðbótar við ráðleggingar um hreyfingu er börnum og ungmennum ráðlagt að takmarka kyrrsetustundir sínar, þá sérstaklega skjátíma sinn utan skóla- og vinnutíma (World Health Organization, 2020). Aukin kyrrseta meðal barna og ungmenna hefur verið tengd við slakari lífsgæði, minna sjálfstraust, aukinn kvíða og þunglyndi (Saunders og Vallance, 2017). Auk þess hafa fundist tengsl milli kyrrsetu og offitu barna en talið er að eitt af hverjum sex börnum glími við ofþyngd eða offitu (OECD, 2017), sem eru áhættuþættir fyrir hjarta- og æðasjúkdóma (Freedman o.fl., 2007), efnaskiptasjúkdóma og krabbamein (Biro og Wien, 2010). Einnig er talið að ofþyngd og offita geti haft í för með sér félagslega einangrun eða útilokun. Þá hafa fundist jákvæð tengsl milli hreyfingar og vitsmunalegra þátta (Fedewa og Ahn, 2011) og námsárangurs meðal barna og unglunga (Elvar S. Sævarsson o.fl., 2017; Fox o.fl., 2010; Trudeau og Shephard, 2009).

Þátttaka í íþróttum er meðal annars talin til marks um líkamlega hreyfingu einstaklinga (Elvar S. Sævarsson o.fl., 2021; Hebert o.fl., 2015; Marques o.fl., 2016; Vaka Rögnvaldsdóttir o.fl., 2018). Íþróttir eru aðgengilegar flestum börnum og unglingum á Vesturlöndum og talið að um tveir þriðju evrópskra barna taki þátt í einhvers konar íþróttastarfi (Kokko o.fl., 2019). Hlutfallsleg íþróttátttaka meðal 14 og 15 ára unglunga á Íslandi jókst úr 40% árið 1992 í 60% árið 2014 (Viðar Halldórsson, 2014). Í þýskri rannsókn á börnum og unglingum á aldrinum 6–17 ára kom í ljós að þá daga sem þau sóttu skólaíþróttir og/eda skipulagðar íþróttæfingar voru þau líklegri til að stunda hreyfingu af ráðlagðri ákefð (Sprengeler o.fl., 2019). Daglegt míluhlaup (e. the daily mile) er vinsælt hreyfiverkefni í grunnskólum í Evrópu. Nýleg rannsókn meðal 9–11 ára barna í Bretlandi sýndi að daglegt míluhlaup eykur líkur á að nemendur nái ráðlagðri daglegri hreyfingu (Hatch o.fl., 2021). Þessar niðurstöður benda til þess að því meiri tíma sem börn og unglingar fá í skólaíþróttum, annarri hreyfingu á skólatíma og á íþróttæfingum aukast líkur á ákafri hreyfingu hjá þeim. Í rannsóknum á börnum og unglingum sýna niðurstöður að piltar hreyfa sig meira en stúlkur (Babey o.fl., 2018; Kristján Þór Magnússon o.fl., 2011; Pulido Sanchez og Iglesias Gallego, 2021; Riddoch o.fl., 2004; Sallis, 1993; Vaka Rögnvaldsdóttir o.fl., 2018; Van Hecke o.fl., 2016). Þá hefur hreyfing stúlkna einnig mælst af minni ákefð en hreyfing drengja (Hatch o.fl., 2021; Inchley o.fl., 2005). Rannsóknir á yngri börnum sýna síður kynjamun á hreyfingu (Babey o.fl., 2018; Manios o.fl., 1999). Heildarhreyfing barna minnkar með hækkandi aldri (Sallis, 1993) og þá sérstaklega meðal stúlkna (Aaron o.fl., 1993). Talið er að hreyfing barna og unglunga (7–19 ára) minnki um 7% á ári, hjá stúlkum dregur mest úr hreyfingu á aldursbilinu 9–12 ára en hjá drengjum á aldursbilinu 13–16 ára (Manios o.fl., 1999). Íslensk rannsókn skoðaði breytingar á hreyfingu 15–23 ára ungmenna. Á þessu 8 ára aldursbili minnkaði hreyfing stúlkanna um 50% eða að meðaltali um 6% á ári og hreyfing drengja minnkaði um 60% eða um 7% á ári (Guðrún Sunna Gestsdóttir, 2016).

Ólík félags- og efnahagsstaða fjölskyldna er þekkt spábreyta fyrir almennt heilsufar (Adler o.fl., 1994; Elgar o.fl., 2015). Sem dæmi má nefna að börn og unglingar sem búa á betur staðum heimilum eru líklegri til þess að hreyfa sig meira, borða hollari mat og búa yfir meiri lífsánægju og vellíðan en þau sem búa við lakari efnahagsstöðu (Chzhen o.fl., 2016). Þá sýna rannsóknir að þeir unglingar sem stunda íþróttir með íþróttafélagi eru líklegri að koma frá heimilum sem eru fjárhagslega betur stað (Amalía Björnsdóttir o.fl., 2009; Dollman og Lewis, 2010; Walters o.fl., 2009).

Fjölskyldugerð getur einnig haft áhrif á heilsu og hreyfingu barna og unglunga en skilgreining á fjölskyldugerðum milli rannsókna og tengslum við heilsufarsþætti er þó með ólíkum hætti. Þeir sem búa hjá einstæðu foreldri eða í annarri fjölskyldugerð en hjá báðum kynforeldrum, virðast hreyfa sig í færri daga á viku og taka síður þátt í skipulögðu íþróttastarfi hjá íþróttafélagi en unglingar sem búa hjá báðum líffræðilegum foreldrum (Langoy o.fl., 2019; Viðar Halldórsson, 2014).

Nokkuð hefur verið birt af rannsóknum varðandi búsetu og hreyfingu unglunga en niðurstöður eru ekki samhljóma. Auk þess er skilgreining á dreifbýli og þéttbýli með ólíkum hætti í erlendum rannsóknum. Sumar rannsóknir hafa sýnt að unglingar sem búsettir eru í dreifbýli hreyfi sig minna en unglingar í þéttbýli (Felton o.fl., 1998; Guðrún Kristjánsdóttir og Rúnar Vilhjálmsson, 2001), en aðrar rannsóknir hafa komist að hinu gagnstæða (Liu o.fl., 2008).

Hreyfing og íþróttabátttaka barna og unglunga af erlendum uppruna getur haft jákvæð áhrif á lífs-gæði þeirra og félagslega virkni í samfélaginu þar sem þátttaka í íþróttum með íþróttafélagi er sam-ofin félagslegum tengslum og samskiptum (Toselli og Belcastro, 2017). Erlendar rannsóknir sýna að innflytjendur taka síður þátt í hreyfingu (Pedersen og Seidman, 2005; Singh o.fl., 2008; Toselli og Belcastro, 2017; Zaccagni o.fl., 2017) og íþróttum utan skóla en innfæddir (Zaccagni o.fl., 2017).

Líkamleg hreyfing hefur jákvæð tengsl við aðra heilsutengda hegðun svo sem svefn, mataræði og reykleysi (Lang o.fl., 2016; Lipsky o.fl., 2017; Þórólfur Þórlindsson o.fl., 1990). Þrátt fyrir ávinninginn af líkamlegri hreyfingu sýna rannsóknir umtalsverðan samdrátt í tíma og fjölda daga sem varið er í líkamlega hreyfingu frá barnæsku til unglingsára og að hreyfingu ungs fólks sé almennt ábótavant, þótt vandinn sé mismikill eftir aldurshópum (Farooq o.fl., 2020; Guðrún Kristjánsdóttir og Rúnar Vilhjálmsson, 2001). Jafnframt benda rannsóknir til þess að líkamleg hreyfing á unglingsaldri spái að nokkru leyti fyrir um líkamlega hreyfingu á fullorðinsaldri (Belanger o.fl., 2015; Hallal o.fl., 2006; Telama o.fl., 2005). Því er mikilvægt að kanna hreyfingu meðal barna og unglunga með það fyrir augum að efla hana og sporna við hreyfingarleysi.

Markmið þessarar rannsóknar var að kanna umfang líkamlegrar hreyfingar íslenskra grunnskólanema í 6., 8. og 10. bekk og tengsl hennar við kyn, aldur, uppruna, fjölskyldugerð, efnahag og búsetu. Sérstaklega var athugað hve hátt hlutfall nemendanna næði ráðlagðri 60 mínútna hreyfingu daglega.

Efniviður og aðferðir

Unnið var úr gögnum úr landskönnuninni Heilsa og lífskjör skólanema (Health Behavior in School-aged Children - HBSC) sem tengist fjölþjóðlegu samstarfsverkefni í um 40 löndum með stuðningi WHO. Landskönnunin fór fram árið 2018 þar öllum grunnskólum landsins var boðin þátttaka fyrir nemendur í 6., 8. og 10. bekk (12, 14 og 16 ára). Nafnlausir staðlaðir spurningalistar um aðstæður, lifnaðarhætti og heilsufar voru lagðir fyrir nemendurnar í skólastofu á skólatíma. Á fyrstu síðu spurningalistans var nemendum meðal annars heitið nafnleynd og bent á að þeim væri ekki skylt að svara spurningalistanum í heild eða einstökum spurningum (Einar B. Þorsteinsson og Ársæll Arnarsson, 2018). Áður en gagnasöfnun hófst var spurningalistinn ásamt rannsóknaráætlun sendur til Persónuverndar og Vísindasiðanefndar Háskóla Íslands. Engar athugasemdir voru gerðar við fyrirhugaða framkvæmd, enda er um ópersónugreinanleg gögn að ræða. Landskönnunin fékk einnig leyfi til fyrirlagnar hjá skólastjórnendum í þátttökuskólunum. Alls tóku 6.102 skólanemar þátt í landskönnuninni í 86 grunnskólum (af 169). Heimtur (svarhlutfall) í þátttökuskólunum voru yfir 80% en fjöldi svarenda var 55,5% af heildarfjölda nemenda í grunnskólum landsins. Aldurs- og kynsamsetning svarendahópsins samsvaraði vel aldurs- og kynsamsetningu íslenskra grunnskólanema í 6., 8. og 10. bekk. Langflestir nemendur svöruðu öllum spurningum, en svarbrottfall í einstökum spurningum var frá 0–1,5%. Í rannsókninni er unnið með gild svör í hverri spurningu.

Umfang líkamlegrar hreyfingar

Með hliðsjón af ráðleggingum WHO var meðal annars spurt um fjölda daga á viku sem þátttakendur stunduðu „líkamlega hreyfingu samanlagt í 60 mínútur eða meira á dag“. Til útskýringar var þátttakendum sagt að líkamleg hreyfing gæti meðal annars átt sér stað í íþróttum, í skólanum, í leik með vinum, eða á leiðinni í og úr skóla. Dæmi um líkamlega hreyfingu væru hlaup, röskleg ganga, línuskautar, hjólréiðar, dans, hjólabretti, sund, fótbolti, körfubolti, handbolti, skíði og snjóþretti. WHO ráðleggur að börn og unglingar á aldrinum 5–17 ára stundi slíka hreyfingu daglega. Tvær breytur rannsóknarinnar vörðudu hreyfingu. Önnur greindi milli þeirra sem stunduðu ráðlagða hreyfingu (í 60 mínútur nær daglega) og hinna sem ekki gerðu það. Hin breytan skráði hve marga daga í viku þátttakendur stunduðu 60 mínútna daglega hreyfingu.

Lýðfræðileg staða, efnahagur fjölskyldu, uppruni, fjölskyldugerð og búseta

Nemendurnir voru spurðir um kynferði, bekkjardeild (6., 8. eða 10. bekkur), og uppruna foreldra eftir fæðingarlandi og greint á milli þess hvort báðir foreldrar, annað foreldrið, eða hvorugt foreldrið væri fætt erlendis. Einnig var spurt um fjölskyldugerð og greint á milli þeirra sem bjuggu með báðum lífforeldrum, með einstæðu foreldri, í stjúp-fjölskyldu, eða í öðru fjölskyldufyrirkomulagi. Þá var efnahagur fjölskyldunnar metinn með svonefndum FAS- kvarða (e. Family Affluence Scale) (Torsheim o.fl., 2016). Efnahagskvarðinn (FAS-kvarði) var byggður á spurningum um hvort fjölskyldan ætti bíl, hvort nemandinn hefði eigið svefnherbergi, hve margar tölvur fjölskyldan ætti, hve mörg baðherbergi væru á heimilinu, hvort uppþvottavél væri á heimilinu, og hve oft fjölskyldan hefði farið til útlanda sl. 12 mánuði. Stig fyrir hverja spurningu voru lögð saman í 0–13 stiga efnahagskvarða. Við tölfræðilega úrvinnslu voru stigin flokkuð og greint á milli lakrar (0–7 stig), miðlungs (8–10 stig) og hárrar (11–13 stig) efnahagsstöðu. Loks var búseta metin út frá póstnúmeri og greint á milli þeirra sem bjuggu á höfuðborgarsvæðinu eða landsbyggðinni.

Tölfræðileg úrvinnsla


Munur á hlutfallstíðni þeirra sem náðu viðmiðum um ráðlagða hreyfingu var metinn eftir hópum nemenda (kyni, bekkjardeild, efnahag fjölskyldu, þjóðernisuppruna, fjölskyldugerð og búsetu), marktækt metin með kí-kvaðrat marktæktarprófi og fylgni metin með Phi og Cramér's V fylgni-stuðlum. Meðaltalsmunur á dagafjölda hreyfingar milli hópa var metinn með t-marktæktarprófi þegar hópar eru tveir, en F-marktæktarprófi þegar hópar eru fleiri og fylgni metin með Eta-fylgni-stuðli. Marktæktarmörk miðuðust við $p < 0,05$. Við innbyrðis samanburð milli hópa nemenda innan einstakra bakgrunnsbreyta voru marktæktarmörk leiðrétt með Bonferroni-leiðréttingu til að draga úr líkum á að marktækt ákvarðaðist fyrir tilviljun.

Niðurstöður

Að meðaltali stundaði nemendahópurinn líkamlega hreyfingu í 4,5 daga í viku og hlutfall nemenda sem náðu viðmiði um ráðlagða (daglega) hreyfingu var einungis 21,0%. Engu að síður náðu 83% nemendanna að hreyfa sig að minnsta kosti þrisvar í viku (Tafla 1). Mynd 1 sýnir skiptingu ráðlagðrar hreyfingar eftir bekkjardeild og kyni. Myndin sýnir að hlutfall nemenda sem náði ráðleggingum um hreyfingu var nokkuð breytilegt eftir aldri hjá piltum og stúlkum. Þannig náðu piltar í 6. bekk oftast ráðlagðri hreyfingu en piltar í 10. bekk ($p < 0,05$) og stúlkur í 6. bekk náðu marktækt oftast ráðlagðri hreyfingu en stúlkur í 8. bekk ($p < 0,01$).

Tafla 1. Samsetning þátttakenda eftir bakgrunni og hreyfingu.

	%	Fjöldi
Kynferði		
Piltur	49,2	2955/6008
Stúlka	50,8	3053/6008
Bekkur		
6. bekkur	31,0	1889/6102
8. bekkur	36,0	2197/6102
10. bekkur	33,0	2016/6102
Uppruni foreldra		
Báðir innlendir	82,4	4958/6018
Annað erlent	11,1	668/6018
Báðir erlendir	6,5	392/6018
Fjölskyldugerð		
Báðir kynforeldrar	72,5	4384/6047
Einstætt foreldri	11,4	689/6047
Stjúpfjölskylda	6,6	398/6047
Önnur fjölskyldugerð	9,5	576/6047
Efnahagur fjölskyldu		
Lakur	16,0	956/5977
Miðlungs	59,7	3566/5977
Hár	24,3	1455/5977
Búseta		
Höfuðborgarsvæði	58,8	3591/6102
Landsbyggð	41,2	2511/6102
Dagafjöldi hreyfingar		
0 dagar í viku	4,7	285/6072
1 dagur í viku	4,4	268/6072
2 dagar í viku	7,9	479/6072
3 dagar í viku	11,8	714/6072
4 dagar í viku	16,3	987/6072
5 dagar í viku	18,2	1108/6072
6 dagar í viku	15,8	957/6072
7 dagar í viku	21,0	1274/6072



Mynd 1. Hlutfall grunnskólanema sem uppfylla viðmið um 60 mínútna daglega hreyfingu skipt upp eftir bekkjardeild og kyni.

Marktækur munur var á ráðlagðri hreyfingu og dagafjölda hreyfingar eftir hópum, eins og sjá má í *Töflu 2*. Vinstri hluti töflunnar sýnir hlutföll nemenda sem náðu ráðlagðri (daglegri) líkamlegri hreyfingu. Piltar náðu frekar ráðlagðri hreyfingu en stúlkur ($p < 0,001$). Þá var munur á ráðlagðri hreyfingu eftir bekkjardeild ($p < 0,01$). Nánari greining á bekkjamuninum sýndi að nemendur í 6. bekk náðu frekar ráðlagðri hreyfingu en nemendur í 8. bekk ($p < 0,01$) og 10. bekk ($p < 0,05$). Þjóðernisuppruni foreldra tengdist einnig ráðlagðri hreyfingu ($p < 0,05$). Nánar kom í ljós að nemendur sem áttu báða foreldra af innlendum uppruna náðu oftar ráðlagðri hreyfingu en þeir sem áttu foreldri af erlendum uppruna ($p < 0,05$). Einnig var munur á ráðlagðri hreyfingu eftir fjölskyldugerð ($p < 0,001$). Sá munur fólst í að nemendur sem bjuggu með báðum kynforeldrum náðu oftar ráðlagðri hreyfingu en nemendur sem bjuggu með einstæðu foreldri ($p < 0,001$) eða í stjúp fjölskyldu ($p < 0,05$). Þá var munur á ráðlagðri hreyfingu eftir efnahag fjölskyldunnar ($p < 0,001$). Nánar kom í ljós að mun algengara var að nemendur sem komu úr fjölskyldum með háa efnahagsstöðu næðu ráðlagðri hreyfingu en nemendur sem komu úr fjölskyldum með miðlungs efnahagsstöðu ($p < 0,01$) eða laka efnahagsstöðu ($p < 0,001$). Einnig var algengara að nemendur með miðlungs efnahagsstöðu næðu ráðlagðri hreyfingu en nemendur með laka efnahagsstöðu. Ekki var marktækur munur á ráðlagðri hreyfingu eftir búsetu. Fylgnistuðlarnir Phi og Cramér's V sýna að ráðlögð hreyfing var í sterkustu sambandi við efnahag foreldra, þar á eftir kom kyn og svo fjölskyldugerð.

Hægri hluti *Töflu 2* sýnir vikudaga í líkamlegri hreyfingu eftir hópum. Fleiri daga í líkamlegri hreyfingu var að finna meðal pilta en stúlkna ($p < 0,001$). Munur var á dagafjölda í hreyfingu milli bekkjardeilda ($p < 0,001$). Nánari greining sýndi að nemendur í 6. bekk hreyfðu sig fleiri daga en nemendur í 8. bekk ($p < 0,001$) og nemendur í 10. bekk ($p < 0,001$). Nemendur í 8. bekk hreyfðu sig einnig fleiri daga en nemendur í 10. bekk ($p < 0,001$). Þá var munur á dagafjölda hreyfingar eftir þjóðernisuppruna nemenda. Nánari skoðun sýndi að nemendur sem áttu báða foreldra af innlendum uppruna hreyfðu sig fleiri daga en þeir sem áttu annað eða báða foreldra af erlendum uppruna ($p < 0,001$). Nemendur með annað foreldrið af erlendum uppruna hreyfðu sig einnig fleiri daga en nemendur með báða foreldra af erlendum uppruna ($p < 0,01$). Loks var munur á dagafjölda hreyfingar eftir fjölskyldugerð. Nánar kom í ljós að nemendur sem bjuggu með báðum kynforeldrum stunduðu líkamlega hreyfingu í fleiri daga en nemendur einstæðra foreldra og nemendur í stjúp fjölskyldum ($p < 0,001$). Ekki var marktækt samband milli fjölda hreyfidaga í viku og búsetu. Eta-stuðullinn sýnir að fjöldi daga í líkamlegri hreyfingu tengdist mest efnahag foreldra, þó einnig hafi verið nokkur fylgni við fjölskyldugerð, bekkjardeild og uppruna foreldra, en minnst var fylgnin við kynferði.

Tafla 2. Líkamleg hreyfing í einstökum hópum íslenskra grunnskólanema.

	Ráðlögð líkamleg hreyfing				Vikudagar í líkamlegri hreyfingu			
	%	n	p ¹	Phi/ Cramér's V ²	Meðal- tal	Staðal- frávik	p ¹	Eta ²
Kynferði								
Piltur	25,0	734/2937			4,67	2,03		
Stúlka	17,0	516/3043	0,000	0,099	4,41	1,94	0,000	0,066
Bekkur								
6. bekkur	23,5	441/1878			4,85	1,82		
8. bekkur	19,6	429/2184	0,006	0,041	4,54	1,93	0,000	0,124
10. bekkur	20,1	404/2010			4,23	2,19		
Uppruni foreldra								
Báðir af íslenskum uppruna	21,6	1066/4941			4,63	1,96		
Annað af erlendum uppruna	18,3	121/663	0,036	0,033	4,21	2,05	0,000	0,113
Báðir af erlendum uppruna	17,6	68/386			3,83	2,20		
Fjölskyldugerð								
Báðir kynforeldrar	22,3	975/4370			4,69	1,92		
Einstætt foreldri	15,8	108/683			4,02	2,13		
Stjúpforeldri	17,6	70/398	0,000	0,058	4,11	2,13	0,000	0,135
Önnur fjölskyldugerð	18,8	108/576			4,16	2,14		
Efnahagur fjölskyldu								
Lakur (0–7 stig)	14,8	141/953			4,03	2,04		
Miðlungs (8–10 stig)	18,8	667/3557	0,000	0,131	4,43	1,99	0,000	0,174
Hár (11–13 stig)	29,9	433/1449			5,09	1,87		
Búseta								
Höfuðborgarsvæði	21,4	764/3572			4,54	2,01		
Landsbyggð	20,4	510/2500	0,352	0,012	4,52	1,98	0,620	0,006

¹p-gildi byggja á kí-kvaðrat prófi í tilvikum ráðlagðrar hreyfingar og t- eða F-prófi í tilvikum vikudaga í hreyfingu (t-prófið ber saman tvo hópa en F-prófið fleiri hópa).

²Stuðlarnir Phi og Cramér's V eru reiknaðir út frá krosstöflum. Phi sýnir fylgni milli breyta þegar báðar breytur eru tvígildar og Cramér's V sýnir fylgni þegar önnur eða báðar breytur eru marggildar. Stuðullinn Eta sýnir fylgni milli nafnbreytu eða flokkaðrar breytu annars vegar og jafnbilabreytu hins vegar.

Umræður

Umtalsverður hluti íslenskra grunnskólanema í 6., 8. og 10. bekk, eða um 79%, uppfyllir ekki viðmið um ráðlagða daglega hreyfingu. Þá var munur á líkamlegri hreyfingu eftir kyni og bekkjardeild þar sem fleiri piltar en stúlkur náðu viðmiðum um daglega hreyfingu og nemendur í 6. bekk náðu frekar viðmiðunum en eldri nemendur. Þá var marktækur munur á líkamlegri hreyfingu skólabarna milli hópa eftir efnahag fjölskyldu, þjóðernisuppruna foreldra og fjölskyldugerð, en ekki eftir búsetu þeirra.

Einungis um 21% ungmenna í rannsókninni uppfyllir alþjóðlegar ráðleggingar um daglega hreyfingu (60 mínútur á dag). Í nýlegri skýrslu um hreyfiráðleggingar fyrir börn og unglínga hafa fundist tengsl milli aukinnar hreyfingar og kjörþyngdar, lægri fitusöfnunar og betri efnaskiptaheilsu (Powell o.fl., 2018). Rannsóknir hafa sýnt að hreyfing sé ákjósanlegur lífstílsþáttur sem spornað geti við offitu (Laurson o.fl., 2015). Niðurstöður rannsóknarinnar styðja ákall um aðgerðir til að auka hreyfingu meðal barna og unglínga. Sérstaklega þarf að huga að aukinni hreyfingu stúlkna þar sem einungis 17% þeirra uppfylla ráðleggingar um daglega líkamlega hreyfingu samanborið við 25% drengja, en þessar niðurstöður eru í samræmi við eldri íslenska rannsókn (Kristján Þór Magnússon o.fl., 2011). Erlendar rannsóknir styðja einnig niðurstöðurnar. Grao-Cruces og félagar skoðuðu í nýlegri yfirlitsgrein 29 rannsóknir þar sem viðfangsefnið var hreyfing grunnskólanema á skólatíma. Þar kom fram að minna en 25% grunnskólanema náðu 30 mínútum af miðlungs eða mikilli hreyfingu daglega. Einnig eru erlendu niðurstöðurnar í samræmi við okkar niðurstöður varðandi kynjamuninn (Grao-Cruces o.fl., 2020). Mikilvægt er að standa vörð um þann tíma sem börn og ungmenni fá til hreyfingar innan grunn- og framhaldsskóla, þar sem fjöldi og lengd þessara tíma hefur áhrif á hreyfingu af miðlungs- eða mikilli ákefð, þá sérstaklega meðal unglínga (Sprengeler o.fl., 2019).

Fleiri nemendur í 6. bekk uppfylltu viðmið um 60 mínútna hreyfingu en nemendur í 8. og 10. bekk. Hins vegar voru færri stúlkur sem náðu viðmiðunum í 8. bekk en bæði stúlkur í 6. og 10. bekk. Niðurstöðurnar eru í samræmi við erlendar rannsóknir en samkvæmt þeim dregur mest úr hreyfingu stúlkna á aldursbilinu 9–12 ára en 13–16 ára hjá drengjum þar sem talið er að kynþroski hafi áhrif á þessar breytingar og stúlkur þroskist að meðaltali fyrr, sem að hluta til geti útskýrt þennan kynjamun (Dumith o.fl., 2011). Í evrópskri rannsókn frá árinu 2013 kom í ljós að verulega dró úr hreyfingu af miðlungs eða mikilli ákefð frá aldrinum 9 til 15 ára og meira hjá drengjum en stúlkum (Ortega o.fl., 2013). Velta má fyrir sér hvort ástæður minnkandi hreyfingar með hækkunum aldri unglínga gætu tengst þeim sálrænu og líkamlegu breytingum sem verða á kynþroskaskiðinu. Einnig fjölgar frístunda- og afþreyingarmöguleikum með hækkandi aldri sem geta dregið úr íþróttáþátttöku og hreyfingu.

Um 83% skólabarna stunda 60 mínútna daglega hreyfingu að minnsta kosti þrisvar sinnum í viku og um 71% þeirra að minnsta kosti 4 sinnum í viku. Rannsóknir hafa bent á að þjálfun fjórum sinnum í viku geti haft góð áhrif á heilsuna. Í íslenskri rannsókn á 15–16 ára unglíngum kemur fram að þeir sem taka þátt í skipulögðum íþróttum, að minnsta kosti 4 sinnum í viku, mælast með meiri heildarhreyfingu, betri líkamshreysti (VO2 max), lægri fituþrósentu, styttri skjátíma (Elvar S. Sævarsson o.fl., 2021) og betri námsárangur (Elvar S. Sævarsson o.fl., 2017) en þeir sem stunda íþróttir sjaldnar. Ljóst er að íþróttáþátttaka hefur áhrif á heildarhreyfingu og heilsuhegðun og því tilefni til að leita leiða til að unglíngar hafi sem jöfnust tækifæri til þátttöku í íþróttum.

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að þátttaka unglínga í líkamlegri hreyfingu er háð efnahagsstöðu foreldra. Unglíngar frá efnaminni fjölskyldum tóku síður þátt í hreyfingu en jafnaldrar frá efnameiri fjölskyldum. Þar sem þekkt er að hreyfing á unglingsaldri hefur forspárgildi fyrir hreyfingu síðar á lífsleiðinni (Belanger o.fl., 2015; Telama o.fl., 2005) geta þessar niðurstöður hugsanlega spáð fyrir um heilsufar á fullorðinsárum. Rannsóknir hafa sýnt að lök efnahagsleg staða fjölskyldna hefur áhrif snemma á lífsleiðinni og varir fram á fullorðinsár með tengsl við slæma líkamlega heilsu (Matthews og Gallo, 2011). Leggja þarf áherslu á jöfn tækifæri til hreyfingar meðal barna og unglínga óháð fjárhagslegri stöðu fjölskyldna. Frá árinu 2007 hafa sveitarfélög á Íslandi leitast við að jafna tækifæri

barna og unglunga, 6–18 ára, til þátttöku í íþrótt- og tómstundastarfi í formi frístundakorts sem er niðurgreiðsla á þátttökugjöldum. Þrátt fyrir þessa aðgerð, það er innleiðingu frístundakorts, sýna niðurstöður rannsóknarinnar að enn er mikill munur á hreyfingu unglunga frá efnaminni fjölskyldum borið saman við unglunga sem búa við betri efnahag. Frekari rannsókna er þörf til að kanna ástæður þess að unglingar frá efnaminni heimilum hreyfa sig minna.

Skólaíþróttir eru mikilvægt framlag til að jafna tækifæri barna og unglunga til hreyfingar. Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla er gert ráð fyrir skólaíþróttum að jafnaði þrisvar sinnum í viku (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013). Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að 79% þátttakenda stunduðu hreyfingu þrisvar sinnum í viku eða oftar. Ein leið til að fjölga þeim unglungum sem hreyfa sig oftar í viku væri að fjölga íþróttatímum og hreyfistundum á skólatíma. Í nýlegri alþjóðlegri skýrslu um hreyfingu skólubarna kemur fram að skólinn sé mikilvægur þáttur í hreyfingu ungs fólks vegna þess hve löngum tíma dags nemendur verja innan veggja hans. Því er æskilegt að allir nemendur uppfylli ráðleggingar um líkamlega daglega hreyfingu (60 mínútur á dag) á skólatíma (World Health Organization, 2018). Íslensk rannsókn sýndi fram á mikilvægi skólaíþróttar til að auka hreyfingu barna- og unglunga og til að draga úr muni á tíðni hreyfingar milli einstakra hópa (Guðrún Kristjánsdóttir og Rúnar Vilhjálmsson, 2001). Sýnt hefur verið fram á að skólaíþróttir hafi jákvæð áhrif á hreyfingu barna og unglunga utan skóla, þar sem kennsla í íþróttgreinum og fræðsla um gildi íþróttar og hreyfingar getur haft áhrif á viðhorf þeirra til hreyfingar (Rúnar Vilhjálmsson og Þórólfur Þórlindsson, 1998).

Þátttaka barna og unglunga í skipulögðum íþróttum hefur jákvæð áhrif á félagslega aðlögun og eykur félagslegt tengslanet (Kjonnixsen o.fl., 2009; Nielsen o.fl., 2013; Yu o.fl., 2015). Niðurstöður okkar gefa til kynna að unglingar af erlendum uppruna stundi síður líkamlega hreyfingu, sem er í takt við erlendar rannsóknir (Mahmood o.fl., 2019). Nýta þarf þátttöku barna og unglunga í skipulögðu íþróttastarfi sem vettvang til tengslamyndunar og virkrar þátttöku í samfélaginu með sérstaka áherslu á þátttakendur af erlendum uppruna. Jafnframt þarf að auðvelda foreldrum þeirra að tengjast sjálfbodaliðastarfi íþróttafélaganna þar sem sýnt hefur verið fram á að hvatning foreldra til íþróttarþátttöku er áhrifavaldur á íþróttarþátttöku ungmenna (Viðar Halldórsson, 2014).

Rannsóknir á hreyfingu barna og ungmenna eftir búsetu hafa sýnt að ungmenni í dreifbýli hreyfi sig minna en ungmenni í þéttbýli (Felton o.fl., 1998; Guðrún Kristjánsdóttir og Rúnar Vilhjálmsson, 2001; Kristján Þór Magnússon o.fl., 2011), þó aðrar rannsóknir hafi þó bent til hins gagnstæða (Liu o.fl., 2008) og að unglingar búsettir í dreifbýli hafi betra þol (Machado-Rodrigues o.fl., 2014). Þetta misræmi í erlendum rannsóknum gæti skýrst af mismunandi skilgreiningum á þéttbýli og dreifbýli. Niðurstöður rannsóknar okkar sýndu ekki mun á hreyfingu grunnskólanema eftir búsetu. Hugsanleg skýring gæti verið að sveitarfélög í dreifbýli og þéttbýli á Íslandi bjóði grunnskólanemum sínum upp á sambærileg tækifæri til hreyfingar í skólaíþróttum, á skólalóðum og í nærumhverfinu. Sýnt hefur verið fram á að aðstaða hefur áhrif á hreyfingu og að þættir eins og græn svæði og aðgengileg utan- og innanhúss íþróttaaðstaða styðja við hreyfingu (Kajosaari og Laatikainen, 2020). Þar sem rannsóknin leiddi í ljós að einungis um 21% barna og unglunga náði daglegri ráðlegri hreyfingu þurfa sveitarfélög um allt land að huga að uppbyggingu hreyfimenningar með hreyfiörvandi umhverfisvænni aðstöðu til að örva börn og unglunga til aukinnar hreyfingar.

Styrkleikar og takmarkanir

Styrkleikar þessarar rannsóknar eru að hún byggir á landsúrtaki með háu svarhlutfalli og notkun staðlaðra spurningalista. Meðal takmarkana má nefna að hreyfing var einungis metin með útfylltum spurningalista, en ekki með hreyfimælum sem hefðu getað gefið frekari upplýsingar. Ýmsir bakgrunnspættir nemenda voru ekki teknir til skoðunar, svo sem menntun og starfsstétt foreldra. Þá má nefna að hreyfing var ekki metin með tilliti til fötlunar eða annarra heilsufarsþátta sem hefðu getað tengst umfangi hreyfingar.

Ályktun

Niðurstöður leiða í ljós ónóga hreyfingu nemenda í 6., 8. og 10. bekk grunnskóla. Yngri nemendur hreyfa sig meira en eldri nemendur og piltar hreyfa sig meira en stúlkur. Nemendur af innlendum uppruna stunda oftár ráðlagða hreyfingu en nemendur af erlendum uppruna. Nemendur sem búa hjá báðum kynforeldrum hreyfa sig meira en nemendur í öðrum fjölskyldugerðum. Algengara er að nemendur úr vel stæðum fjölskyldum nái viðmiðum um ráðlagða hreyfingu en nemendur sem búa við lakari efnahag. Vinna þarf að hreyfiefningu grunnskólanema með fræðslu um gildi hennar, daglegum hreyfistundum á skólatíma og markvissum íþróttatímum. Jafna þarf þátttökumöguleika barna í íþróttum utan skólans með aðkomu sveitarfélaganna. Fjölga þarf möguleikum til hreyfingar fyrir alla utan húss sem innan í sveitarfélögum landsins.

Physical activity among Icelandic adolescents HBSC

